



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu um vetrarleyfi starfsmanna frístundaheimila

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. apríl 2019 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði fram tillögu þess efnis að starfsmenn frístundaheimila ættu að fá frí þegar grunnskólar borgarinnar fara í vetrarleyfi. Þannig væri gætt jafnræðis milli starfsmanna enda standi nemendum ekki til boða þjónusta frístundaheimilanna í vetrarleyfum.

Gert er ráð fyrir að starfsfólk grunnskóla hafi unnið af sér tíma þegar kemur að leyfum í grunnskólum eins og t.d. vetrarleyfum og er því í raun ekki um frí að ræða.

Frístundaheimilin hafa á ársgrundvelli þrjá formlega skipulags- og fræðsludaga sem þau geta stýrt. Vetrarfrisdagar grunnskólanna eru fimm á skólaári og af þeim eru þrír skilgreindir sem fræðslu- og skipulagsdagar frístundaheimilanna og tveir skilgreindir í starf á vegum frístundamiðstöðva sem bjóða upp á tilboð til fjölskyldna í vetrarfríum grunnskólanna.